

Fyrirspurn E 6/2024
Flytjandi Stjórnsýsluhindranahópur Norðurlandaráðs
Viðtakendur Ríkisstjórnir Svíþjóðar og Finnlands

Skrifleg fyrirspurn um peningaflutninga yfir landamæri

Til ríkisstjórna Svíþjóðar og Finnlands

Fram hefur komið að þessi stjórnsýsluhindrun, sem hefur verið í forgangi hjá Stjórnsýsluhindranaráðinu frá árinu 2017, hefur ekki verið afgreidd hjá viðkomandi ráðherra. Afgreiðsla þýðir að ráðherra hafi leyst hindrunina eða afskrifað hana, sem merkir að ekki verði unnið frekar að lausn hennar. Samkvæmt sænskum reglum verða finnsk öryggisfyrirtæki að hafa starfsleyfi í Svíþjóð til að geta flutt evrur frá verslunum í sænska hluta landamæraanna í Haparanda-Tornio. Sænskar reglur krefjast þess einnig að fyrirtækin uppfylli vissar kröfur um búnað og starfsfólk.

Í Finnlandi hefur þetta málefni verið skoðað með fyrirtækinu Loomis, sem annast peningaflutninga. Innanríkisráðherrar Finnlands og Svíþjóðar hafa rætt þetta mál og skoðað nánar hvernig leysa megi þetta vandmál í Finnlandi og Svíþjóð. Niðurstaðan var að samkvæmt reglum ESB um evruna beri að leysa málið í Svíþjóð. Finnsk fyrirtæki geta sótt um leyfi fyrir peningaflutningum í Svíþjóð. Kostnaðurinn við að fá leyfi er þó meiri en mögulegar tekjur fyrirtækjanna.

Dómsmálaráðuneytið í Svíþjóð hefur svarað því að finnsk öryggisfyrirtæki geti starfað í Svíþjóð hafi þau starfleyfi. Hafi öryggisverðir fyrirtækisins menntað sig í öðru ESB-ríki geti þeir fengið starfsréttindi sín viðurkennd af lénsyfirvöldum Stokkhólmsvæðisins. Þó er óljóst hvort erfiðleikarnir felist í leyfisveitingarferlinu eða kröfunni um búnað eða menntun.

Í ljósi þessa viljum við beina eftirfarandi spurningum til viðkomandi ráðherra:

- Hvenær reiknar ráðherra með því að þessi stjórnsýsluhindrun verði afgreidd sem afskrifuð samkvæmt ofangreindri skilgreiningu?
- Getur ráðherrann gefið stjórnsýsluhindranahópi Norðurlandaráðs uppfærðar upplýsingar um framgang vinnunnar að þessari stjórnsýsluhindrun frá árinu 2017?

Til upplýsingar hefur hindrunin verið sett í forgang af eftirfarandi meðlimum Stjórnsýsluhindranaráðs frá árinu 2017: Anders Ahnlid, Svíþjóð, og Kimmo Sasi, Finnlandi.



Nánari upplýsingar er að finna í gagnagrunni stjórnsýsluhindrana, stjórnsýsluhindrun nr. 15-002:

<https://www.norden.org/sv/border-database/vardetransporter-over-gransen>

Stokkhólmi, 6. febrúar 2024

Per-Arne Håkansson (S)

Anna-Kristiina Mikkonen (sd)

Kim Berg (sd)

Truls Vasvik (A)

Ann-Sofie Alm (M)

Heikki Autto (saml)

Johan Hultberg (M)

Maria Stockhaus (M)

Catarina Deremar (C)

Johan Dahl (sb)

Kjell-Arne Ottosson (KD)

Ola Elvestuen (V)

Sandra Listerby (Lib)

Victoria Tiblom (SD)

Tor André Johnsson (FrP)